

Átræðisafmæli.

1850 — 16. maí — 1930.

—x—

Bjarni í Skeiðháholti er einn þeirra manna sem með dæmi sínu hafa kent mér að meta stétt, sem eg hefi fengið því meiri mætur á sem eg kyntist henni betur og sá hversu mikið þar er af þrautseigju, hyggindum og hjálpseni. Og Skeiðháholtsheimilið er eitt þeirra heimila sem mér koma í hug, þegar minnst er á gott sveitaheimili. Er þá konunnar að geta, því að húsfreyjan er það, eins og kunnugt er, sem einkum setur svip á heimilið. En kona Bjarna er Guðlaug Lýðsdóttir frá Hlíð, systir Páls sem þar býr nú. Get eg um Skeiðháholtsheimilið talað bæði af eigin kunnugleik, og eins hefi eg vitnisburð þess við að styðjast sem vel þekti, þar sem var Pétur heitin sonur minn, því að hann var að miklu leyti uppalinn hjá þeim hjónum. Pétri þótti vænt um Skeiðháholt; man eg að hann sagði eitthvert sinn er við vorum á leið þangað og saum bæinn á lengdar: þarna er góða Skeiðháholt.

Allir sem þekkja Bjarna, munu óska honum góðs á átræðisafmælinu, og þeim hjónum báðum, að ævikveldið megi verða sem fegurst. En fyrir slíkum, mun ekki taka verra við þegar lífinu hérna lýkur, heldur betra. Því að fyrir þeim sem vel hafa viljað, verður lífið framundan, fyrst um sinn, eins og til muna endurbætt útgáfa af því sem hér hefir verið

Helgi Pjeturss.

Útgefið 16 maí 1930